

Staður:	Ástæða prófunar:	Fastanúmer lagna/r:
680 Þórshöfn 13.06.2026	Reglubundið eftirlit með lögnum	680.72.00: 3“ Stállögn sem liggur ofanjarðar.

Lýsing:

Prófþrýstingi 11,89 bar var náð kl. 11:00 og prófið framkvæmt með samfelldri skráningu á þrýstingi og hitastigi. Mælt hitastig prófunarmiðils er fengið frá einum mælipunkti í lögninni. Niðurstöður hitamælinga eru því notaðar til að meta almenna hitastigsþróun prófunarmiðils á próftíma en ekki sem nákvæma lýsingu á hitastigi alls lagnakerfisins.

Kl.	P Lagnir Bar	T Eldsneyti °C	Mat
11:00	11,89	8,90	Upphafsgildi prófs
11:15	12,57	8,90	Þrýstingur byggist upp
11:30	13,41	8,90	Þrýstingur byggist upp
11:45	14,39	8,88	Þrýstingur byggist upp
12:00	12,74	8,86	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
12:15	14,06	9,20	Þrýstingur byggist upp
12:30	12,58	9,53	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
12:45	14,17	9,52	Þrýstingur byggist upp
13:00	12,60	9,55	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
13:15	12,76	10,23	Stöðugt eftir stýrða aftöppun
13:30	14,42	10,23	Þrýstingur byggist upp
13:45	12,66	10,25	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
14:00	14,33	10,94	Þrýstingur byggist upp
14:15	13,07	10,95	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
14:30	14,98	10,96	Þrýstingur byggist upp, nálægt 16 bar mörkum
14:45	12,69	10,95	Stýrð aftöppun til að halda þrýstingi innan 16 bar marka
15:00	15,88	10,97	Þrýstingsbreyting samræmist hitabreytingu

Prófun og úrvinnsla mæligagna voru framkvæmd með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og viðeigandi ákvæðum ÍST EN 14161:2011+A1:2015, varðandi mat á þrýstings- og hitastigsbreytingum við prófun lagna.

Niðurstaða:

Prófið var vaktað með samfelldum mínútumælingum og alls voru skráðir 241 mælipunktar á próftíma. Mæligögn sýna að þrýstingur byggðist upp á meðan prófun stóð yfir og var lækkaður með skráðum, stýrðum aftöppunum til að halda þrýstingi innan 16 bar marka prófunarbúnaðar. Hæsti þrýstingur í samfelldu mínútugögnunum var 15,88 bar og fór því ekki yfir hámarksörk búnaðar.

Lögn 680.72.00 er einangruð stállögn sem liggur öll ofanjarðar. Mæligögn sýna að umhverfishiti hækkaði að morgni prófdags og að mælt hitastig prófunarmiðils hækkaði jafnframt á próftímanum. Þrýstingsþróun prófsins er í samræmi við þessa hitauppbýggingu í kerfinu. Þrýstingslækkunarir í mæligögnunum eru rekjanlegar til skráðra aftappana og eru því ekki metnar sem óútskýrt þrýstingstap eða vísbending um leka.

Að frátöldum þessum skráðu inngripum kom hvorki fram samfelld óútskýrð þrýstingslækkun né önnur þróun sem bendir til leka. Fyrirliggjandi mæligögn gefa því ekki vísbendingar um leka í lögn 680.72.00.

Prófunin telst hafa staðist með fullnægjandi hætti og niðurstöðurnar samræmast kröfum um sannprófun þéttleika lagnarinnar samkvæmt þeim ákvæðum ÍST EN 14161:2011+A1:2015 og reglugerðar nr. 884/2017 sem vísað er til við framkvæmd og mat prófunarinnar.

Framkvæmdaraðili og gagnavinnsla :


Gunnþór Bergsson
241193-2099

Yfirfarið:


Kári Valur Sigurðsson
250770-5109

Upplýsingar um búnað:

Prófun var framkvæmd með:

- Sírita af gerðinni Campbell CR850,
- 1 stk. þrýstimælir með $\pm 0,1$ bar mælióvissu,
- 1 stk. hitamælum með $\pm 0,1$ °C mælióvissu.

Hrá mæligögn úr framkvæmd og nánari útreikningar eru varðveitt hjá ODR.